

2. fundur Stýrihóps fagráðs um símenntun kennara í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 31.maí 2013.

Mættir: Jón Torfi Jónasson, Gunnar Gíslason, Björg Bjarnadóttir Svanhildur Ólafsdóttir Gunnar Gíslason, Ársæll Guðmundsson og Sigurjón Mýrdal.

1. Farið yfir fundargerð fagráðsins frá 20.03.2013 og hlutverk stýrihópsins rifjað upp.
2. Almenn umræða um verkefni fagráðsins og hlutverk stýrihópsins:
 - a. Ráða þarf starfsmann. Setja honum erindisbréf og auglýsa starfið. Til bráðabirgða getur starfsmaður MMR (Sesselja Snævarr) sinnt þessu verkefni fram á haustið.
 - b. Greina þarf fyrir starfsþróun í skólum og þarf fyrir símenntun kennara. Mismunandi menning ríkir á skólastigum. Starfsþróun er m.a. tengd kjarasamningum.
 - c. Starfsþróun getur verið „bundin og frjáls“. Starfsþróun einstaklinga, hópa og stofnana getur verið ólík. Kennarar þurfa að vera eigendur breytinga og skólaþróunar.
 - d. Skilgreina þarf betur símenntun og starfsþróun. Efla samræður starfsfólks og skýra hlutverk stjórnenda. Hvað skilar árangri?
 - e. Kerfisbinda starfsmenntun kennara. Kortleggja sjóðakerfi. Fjármagn til símenntunar er „ósýnilegt“. Athuga sérstaklega stöðu leikskólakennara.
 - f. Koma á fót upplýsingaveitu um starfsþróun og framboð símenntunar.
 - g. Vinna að skipulagðri leiðsögn við nýja kennara og stjórnendur á öllum skólastigum.
 - h. Styrkja starfsendarannsóknir í skólum.
3. Gera þarf starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir fagráðið.
4. Ákv. að fresta næsta fundi fagráðs til haustsins.
5. Næsti fundur Stýrihópsins verður þriðjud. 25. jún. kl. 9:30-12.